Frístundaheimilið Skólasel

Starfsáætlun 2026-2027





Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 8
Helstu dagsetningar 8
- Ágúst 8
- September 8
- Október 8
- Nóvember 8
- Desember 8
- Janúar 9
- Febrúar 9
- Mars 9
- Apríl 9
- Maí 9
- Júní 9
- Júlí 9

Inngangur

Skólasel er frístundaheimili Ártúnsskóla, þar dvelja nemendur í 1. - 4. bekk frá kl. 13:25 til 17:00. Ártúnsskóli er samrekinn skóli sem samanstendur af leikskóladeild, grunnskóla fyrir nemendur í 1. - 7. bekk og frístundaheimili. Á degi hverjum dvelja eitt hundrað börn á frístundaheimilinu við fjölbreyttan leik og verkefni.

Einkunnarorð Ártúnsskóla eru **Árangur - Virðing - Vellíðan.** Einkunnarorðin umvefja skólastarfið þar sem lögð er áhersla á árangur allra, virðing fyrir hvert öðru og umhverfinu auk vellíðan svo allir fái notið sín. Í starfi skólans er áhersla á heilsueflingu og umhverfismennt, skólinn er heilsueflandi- og grænfána skóli.

Í starfinu í Skólaseli er lögð áhersla á útiveru með fjölbreyttu sniði, frjálsum og skipulögðum leik og styttri ferðum. Heilsuefling er einnig gert hátt undir höfði í slökun, hugleiðslu og jóga auk hreyfingar í íþróttahúsi. Umhverfismennt skipar einnig stóran sess í Skólaseli, unnið er með endurnýtingu á efnivið, flokkun, innkaup ígrunduð hvort sem um ræðir efnivið, upplifun eða síðdegishressingu en þar er hollusta og fjölbreytni að leiðarljósi.

Starfsáætlun Skólasels 2026 – 2027 leggur áherslu á vellíðan og öryggi barna og að hlustað sé á raddir þeirra. Börnin hafa aðgang að hugmyndakassa þar sem þau geta komið með hugmyndir af verkefnum auk þess sem 2x á ári er unnið með óskir þeirra eftir að hafa svarað um starfið í Skólaseli með þremur stjörnum og einni ósk. Hefð er fyrir 4. bekkjar starfi í Skólaseli. Í 4. bekkjarstarfinu fá nemendur að móta dagskrá starfsins með aðstoð starfsmanna. Fjórða bekkjar starf Skólasels hefur þótt vinsælt af bæði nemendum og forráðamönnum og þess má geta að mörg börn úr 4. bekk dvelja í Skólaseli ár hvert.

Innra mat 2025-2026

Árið 2025 – 2026 var ekki framkvæmt innra mat í Skólaseli. Við erum því á upphafspunkti í framkvæmd innra mats. Innra matið er byggt á niðurstöðum foreldrakönnunar vorið 2026, auk þess eru þættir í umbótaáætluninni sem eru tillögur og ábendingar frá starfsmönnum Skólasels um það sem betur má fara í daglegu starfi.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	Tímavakar
Umbótaþáttur/matsþáttur	Tímastjórnun, öryggi barna og koma í veg fyrir að börnin haldist ekki við verkefni sökum ófyrirsjáanleika. Tímavaki hvetur til þess að börnin velji fjölbreyttari viðfangsefni í vali.
Tækifæri til umbóta.	Tímavaki hvetur til þess að börnin velji fjölbreyttari viðfangsefni í vali.
Aðgerðir til umbóta.	Nota samstillta tímavaka. Tímavakarnir eru settir í hvert rými, sýna niðurtalningu að næstu skiptingu sem verður á 20 mínútna fresti. Tímavakarnir gefa einnig frá sér hljóð sem merkja tímasetningar á skiptingu og hvenær val byrjar.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst 24. ágúst 2026 Áætluð lok 30. september 2026. Ákveðið hefur verið að halda áfram með samstillta tímavaka í Skólaseli.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Á starfsmannafundum er farið yfir stöðu mála og hver upplifun starfsfólks er af samstilltum tímavökum, hvort að skiptingar gangi betur í þeirra rýmum. Börnin verða spurð í viðhorfskönnun í febrúar 2027 hvernig þeim finnst að hafa sjónrænt skipulag á skiptingu í vali.
Viðmið um árangur.	Metið á starfsmannafundi. Eru börnin meðvitaðri um hvað tímanum líður með samstillta tímavakanum? Velja börnin sér fjölbreyttari viðfangsefni?

Heiti aðgerðar:	Val í íþróttahúsi
Umbótaþáttur/matsþáttur	Jafna tækifæri barna til þátttöku í hreyfingu innanhúss.
Tækifæri til umbóta.	Koma í veg fyrir ágreining barna fyrir val í íþróttahúsi. Koma í veg fyrir stuld á íþróttahús miðum af valtöflu.
Aðgerðir til umbóta.	Endurgera fyrirkomulag hvernig íþróttahús miðum er deilt út. Tveggja miða kerfi: Fyrst velja börnin íþróttahús miða á valtöflu og í kjölfarið fá þau afhentann sérstakan þátttökumiða frá starfsmanni valtöflu sem þau afhenda svo starfsmanni í íþróttahúsi.
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst 24. ágúst 2026 Áætluð lok í júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Metið á starfsmannafundum. Viðhorfskönnun barna febrúar 2027.
Viðmið um árangur.	Það er ekki lengur ágreiningur um val í íþróttahúsi.

Heiti aðgerðar:	4. bekkjarstarf
Umbótaþáttur/matsþáttur	Barnalýðræðis starf
Tækifæri til umbóta.	Efla 4. bekkjarstarfið, gefa börnunum aukið tækifæri til að hafa meiri áhrif á hvað er í boði og hvernig verkefni og viðfangsefni eru skipulögð.
Aðgerðir til umbóta.	Mánaðarlegir fundir eru haldnir um hvað börnin vilja taka sér fyrir hendur. Allar hugmyndir eru teknar fyrir og ræddar. Að lokum er kosið lýðræðislega um hvaða verkefni verða fyrir valinu.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst 13. október 2026 Áætluð lok 12. maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Starfið er endurmetið í tveimur hlutum. Í fyrsta lagi á mánaðarfundum með börnunum. Farið er yfir hvernig verkefni gengu fyrir sig og hvaða breytingar þau vilji á starfinu.

	Í öðru lagi er starfið rætt á milli forstöðumanns og umsjónarmanna 4. bekkjarstarfsins, hvort að eitthvað mætti betur fara og gerðar viðeigandi úrbætur.
Viðmið um árangur.	Börnin eru ánægð með starfið og hafa upplifað að hlustað var á þeirra hugmyndir að verkefnum.

Heiti aðgerðar:	**Félagsfærniþjálfun**
Umbótaþáttur/matsþáttur	Félagsfærni þjálfun / hópastarf
Tækifæri til umbóta.	Efla börn frístundar í félagsfærni. Skapa tækifæri fyrir börnin til að ræða og æfa samskipti í rólegum aðstæðum. Tækifæri fyrir börnin að skilja eigin tilfinningar, tilfinningar annarra, leysa ágreining og læra þátttöku í leik og starfi.
Aðgerðir til umbóta.	Félagsfærni sögur í litlum hópum, um 5 börn í hóp. Starfsmaður les stuttar sögur með börnunum og ræðir aðstæður sem þau þekkja úr daglegu starfi, svo sem að koma inn í leik, skiptast á, virða mörk og biðja um aðstoð. Nota myndir, samtöl og stutta hlutverkaleiki eftir þörfum. Aðlaga sögur og verkefni að aldri, áhuga og þörfum barnanna og styðja þau við að nýta færnina í daglegum samskiptum.
Ábyrgð	Forstöðumaður, stuðnings starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í nóvember 2026 Áætluð lok júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Starfið er endurmetið vikulega á milli forstöðumanns, aðstoðarforstöðumanns og stuðnings starfsfólks. Starfið, sögur, klípusögur, spil og leikir er aðlagað eftir þörfum.
Viðmið um árangur.	Börnin biðja oftar um aðstoð í stað þess að taka mál í sínar hendur. Börnin geta leyst ágreining í leik og tjáð tilfinningar sínar.

Heiti aðgerðar:	Skipulag starfsmanna
Umbótaþáttur/matsþáttur,	Faglegra starf með bættu skipulagi Fyrirsjáanleiki starfsmanna með dagshlutverk sín Bætt öryggi barna í Skólaseli
Tækifæri til umbóta.	Skýrt skipulag hvar starfsfólk á að vera og hvaða hlutverki þau sinna yfir vikuna.
Aðgerðir til umbóta.	Setja upp viku og mánaðar yfirlit yfir hin mismunandi hlutverk sem starfsfólk sinnir og á hvaða dögum. Forföll mönnuð í dagskipulagi þegar breytingar verða, t.d. þegar starfsfólk er í leyfi.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst 24. ágúst 2026 Áætluð lok í júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Fyrirkomulag skipulags er rætt reglulega á milli starfsmanna á dagskipulags fundum. Starfsmenn rýna fyrirkomulag og benda á mögulegar úrlausnir ef fyrirkomulag telst ábótavant.
Viðmið um árangur.	Allt starfsfólk hefur skýrt hlutverk alla daga vikunnar og er meðvitað um hlutverk næstkomandi viku og mánuð. Skipulag sýnir fram á að jöfnuður er á milli hlutverka starfsmanna.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Áhersla starfsársins í Skólaseli er bætt skipulag, bæði hvað varðar starfsmenn og börn. Öryggi barna er þar veigamikill þáttur því með bættu dagsskipulagi reynist auðveldara að hlúa að öryggi barna og þegar skipulagið er gott gefst tækifæri til að bjóða upp á fjölbreyttari verkefni. Þjálfun í félagsfærni er sá þáttur sem kom einna slakast út í viðhorfskönnun foreldra vorið 2026 og því mun verða áhersla á að efla félagsfærni barnanna með vinnu í fámennum hópum, unnið verður meðal annars með félagsfærnisögur, spil og hlutverkaleiki.

Ártúnsskóli er annað árið í röð samstarfsaðili Miðstöð útivistar og útináms í þróunarverkefni um hjólafærni. 4. bekkur er í því samstarfi í grunnskóladeildinni og í samstarfi við Skólasel hefur starfsfólk Skólasels lagt áherslu á að gera hjólamenningu hátt undir höfði með því að leyfa að hjólað sé alla daga í útiveru fyrir þá sem það vilja. Boðið er upp á hjólaferðir í Skólaseli í nágrenni skólans og minniháttar viðgerðir og viðhaldi á hjólum barnanna sinnt. Áhugi er hjá stjórnendum Skólasels að fá meiri nálgun á hjólafærni verkefnið á vordögum.

Helstu dagsetningar

Ágúst
20. ágúst - Sumarfrístund lýkur
24. ágúst - Skólasetning og vetrarfrístund hefst

September
7. september - Lestarsprettur hefst
8. september - Dagur læsis
14. september - Lestrarspretti lýkur
16. september - Hreystidagur, skertur skóladagur
30. september - Skipulagsdagur

Október
13. október - 4. bekkjarstarf hefst
21. október - Samskiptadagur lengd viðvera
22. október - Vetrarfrí
23. október - Vetrarfrí
26. október - Vetrarfrí
30. október - Hrekkjavaka, stöðvar og búningakeppni

Nóvember
4. nóvember - Heilsueflingardagur
5. nóvember - Heilsueflingardagur, klúbbastarf hefst
16. nóvember - Dagur íslenskrar tungu
17. nóvember - 4. bekkjarstarf lota 2
19. nóvember - Mánahópur úr leikskóla Ártúnsskóla kemur í heimsókn
26. nóvember - Opið hús í frístund

Desember
1. desember - Fullveldisdagurinn, skertur skóladagur
3. desember - Klúbbastarfi lýkur
7. desember - Jólaundirbúningur hefst, jólastarf hefst
18. desember - Jólaskemmtun, skertur skóladagur
21. desember - Lengd viðvera
22. desember - Lengd viðvera

23. desember - Lengd viðvera
28. desember - Lengd viðvera
29. desember - Lengd viðvera
30. desember - Lengd viðvera

Janúar
11. janúar - Lestrarsprettur hefst
12. janúar - 4. bekkjarstarf lota 3
14. janúar - Klúbbastarf hefst á ný
20. janúar - Lestrarspretti lýkur

Febrúar
4. febrúar - Samskiptadagur, lengd viðvera
5. febrúar - Skipulagsdagur
8. febrúar - Bolludagur
9. febrúar - Sprengidagur
10. febrúar - Öskudagur, skertur skóladagur
22. febrúar - Vetrarfrí
23. febrúar – Vetrarfrí

Í febrúar eru starfsþróunarsamtöl og viðhorfskönnun barna á starfinu í Skólaseli

Mars
1. mars - 4. bekkjarstarf lota 4
15. mars - Páskaundirbúningur, páskaföndur hefst
22. mars - Lengd viðvera
23. mars - Lengd viðvera
24. mars - Lengd viðvera

Apríl
8. apríl - Vísdómshópur Regnbogans kemur í heimsókn
19. apríl – Barnamenningarhátíð hefst
21. apríl - Íþróttadagur
22. apríl - Sumardagurinn fyrsti
23. apríl – Umhverfisdagur
25. apríl – Barnamenningarhátíð lýkur
27. apríl - Skipulagsdagur

Maí
6. maí – Uppstigningardagur
21. maí – Klúbbastarfi lýkur

Í maí er áhersla á útiveru, fjölbreytta hreyfingu s.s. hjólaferðir, gönguferðir og stýrða útileiki

Júní
2. júní - 40 ára afmælis vorhátíð Ártúnsskóla
9. júní – Fótboltamót FUÁ
10 júní - Skólaslit
11. júní – Sumarfrístund hefst

Júlí
8. júlí - Sumarlokun